

Til kennara

Kæri kennari.

Takk fyrir að hafa valið *Blokkina á heimsenda* inn í kennslustofuna þína! Á vefnum okkar eru nokkur verkefnablöð sem öllum er frjálst að nýta í kennslu.

Sum blöðin eru kveikjur eða leikir en önnur vinna með lesskilning og orðaforða.

Öll verkefnablöðin má nota sjálfstætt, en í fjórum þeirra býr meira en er augljóst við fyrstu sýn. Ef nemendur fylla út vinnublöðin sem eru númeruð frá eitt til fjögur hafa þeir, án þess að átta sig á því, unnið megnið af vinnunni fyrir kjörbókarritgerð.

Nemandi sem hefur þessi fjögur blöð til hliðsjónar, auk leiðbeininganna á öftustu síðu þessa skjals, getur skrifað heildstæða ritgerð sem bæði dregur fram efnisatriði bókarinnar og skoðanir nemandans á henni.

Það getur reynst mörgum á miðstigi strembið að skrifa slíkar ritgerðir og við vonumst til þess að verkefnablöðin geti leitt krakkana í gegnum vinnuna þannig að verkefnið virðist aldrei yfirþyrmandi.

Vinnublöð 1 – 4 eru á vefnum okkar kölluð kjarna-verkefni. Þau er að sjálfsögðu vel hægt að bjóða nemendum þótt ekki sé ætlunin að skrifa kjörbókarritgerð.

Við gerð alls námsefnisins á vefnum var sérstaklega horft til hæfniviðmiða aðalnámskrár í íslensku fyrir miðstig. Í námskrá stendur einnig:

Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda. – Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011, bls. 98.

Verkefnin taka öll mið af þessu. Þau eiga að hvetja nemendur til þess að greina aðalatriði, lesa á milli línanna, draga eigin ályktanir og miðla þeim ályktunum. Þau eiga sömuleiðis að kveikja forvitni nemenda og hvetja þá til sköpunar og sjálfstæðrar hugsunar.

Við vonum að þessi verkefni nýtist ykkur vel og að þau verði til þess að auka lestraránægju nemenda.

Með hlýjum kveðjum,

Arndís & Hulda

Þakkir fær Kristjana Friðbjörnsdóttir hjá [123skóli](#) fyrir ómetanlega hjálp við gerð námsefnisins.



Umræðuspurningar

Hér eru nokkrar umræðuspurningar sem hægt er að styðjast við þegar sagan er rædd í hóp í bekknum.

- Ef þú þyrftir óvænt að flytja til Eyjunnar, hvers myndir þú sakna mest úr þínu venjulega lífi?
- Íbúar Blokkarinnar virðast stundum hræddir við breytingar. Af hverju ætli það sé?
- Allir í Blokkinni tala táknmál. Hefði verið erfiðara eða auðveldara fyrir Herborgu og Dýrleifu að búa á öðrum stað? Af hverju?
- Á Eyjuni er ekkert formlegt nám í boði nema grunnskólanámið. Ef þú ættir heima á Eyjuni – myndir þú flytja að heiman strax eftir útskrift úr Barnaskólanum til þess að fara í framhaldsskóla á meginlandinu eða myndirðu frekar biðja Húsfund um að úthluta þér starfi?
- Varstu hissa þegar kom í ljós hver ósýnilegi óvinurinn á Eyjuni var? Hver hélstu að það væri og af hverju?
- Af hverju vill fólkíð sem býr á meginlandinu flytja á Eyjuna?
- Amma Bríet stýrir öllu með járnaga. Er hún alltaf sanngjörn? Detta þér í hug einhverjir íbúar sem hún er ekki sanngjörn við?
- Búsetuskilyrði á Eyjuni hafa breyst mikið vegna loftlagsbreytinga. Veður eru orðin svo slæm að það hefur mikil áhrif á samfélagið og rusl flæðir upp að ströndunum. Ber fólkíð á Eyjuni ábyrgð á þessu? Ef allur heimurinn hegðaði sér eins og íbúar Eyjunnar – væri ástandið þá svona slæmt?
- Fannst þér sanngjarnt hvernig glæpamálið var afgreitt í lokin?
- Dröfn, Ingó og foreldrar þeirra breyta Eyjuni. Hvernig? En hvernig hefur Eyjan breytt þeim?



Kjörbókarritgerð

Nú hefur þú lesið eða hlustað á söguna um **Blokkina á heimsenda** og veturinn sem Dröfn og fjölskylda hennar vörðu á Eyjunni.

Næst á dagskrá er að skrifa stutta ritgerð um söguna, efni hennar og aðalpersónur. Hér eru leiðbeiningar um hvernig maður skrifar slíka ritgerð. Hafðu vinnublöð 1-4 til hliðsjónar á meðan þú vinnur.

Kennarinn þinn segir þér hvenær á að skila ritgerðinni, hvað hún á að vera löng og hvernig frágangur hennar á að vera. Skrifaðu það hjá þér.

Svona skalt þú byggja textann upp:

Titill: Veldu gott heiti á ritgerðina.

Inngangur: Hér segir þú frá bókinni sem ritgerðin fjallar um. Þú kynnir bókina, nefnir útgáfuár og segir frá höfundum. Hér kemur vinnublað 1 að góðum notum.

Sögusvið og tími: Segðu stuttlega því hvar og hvenær sagan gerist. Nýttu vinnublað 3.

Sögupersónur: Næst kynnir þú aðalpersónur sögunnar og hlutverk þeirra í sögunni. Auk þess er gott að nefna einnig aukapersónur sem hafa áhrif á gang sögunnar. Vinnublað 2 getur hjálpað þér að rifja upp.

Atburðarás: Skrifaðu stuttan útdrátt um söguþráð bókarinnar. Hér er gott að nýta vinnublað 3 og rifja upp mikilvæga atburði í sögunni. Segðu frá sögulokum. Fannst þér allt ganga upp í lokin?

Lokaorð: Hér skrifar þú um þitt álit á bókinni. Nokkurs konar bókaáhrif. Hvernig fannst þér bókina? Hvað var gott? Mætti bæta eitthvað? Mælir þú með bókinni? Af hverju? Af hverju ekki? Hér er upplagt að styðjast við vinnublað 4.

Gangi þér vel!

